

9.3 Efling starfsmanna og samvinnu

Þemu	Yfirlit gæðagreinis
<ul style="list-style-type: none">Efling forystuhæfniMyndun og viðhald tengslaSamstarf og teymisvinna	<p>Þessi gæðagreininir tengist því hversu vel tekst til með að efla forystuhæfni á öllum stigum og að tryggja jákvæð samskipti og samvinnu við hagsmunaaðila og samstarfsstofnanir. Hann tengist staðblæ og menningu skólans sem mótast af samskiptum innan hans og við samstarfsaðila og stofnanir.</p> <p>Hæfni þeirra sem gegna forystuhlutverkum skiptir máli sem og dreifing þeirra innan skólans, ábyrgð þeirra og samstarf sem starfsemi skólans krefst.</p> <p>Dreifing verkefna og valdefling starfsfólks og samstarfsaðila, ásamt stuðningi við skilvirkt samstarf, eru mikilvægir þættir.</p>

Dæmi um einkunnina 5

- Við beinum sjónum að námi og kennslu sem lykilþáttum í þróun skólastarfs. Við lögum forystuhætti að samhengi og aðstæðum í skólanum og ræktum tengsl af alúð. Við hlúum að fjölbreyttum hæfileikum og hvetjum og styðjum aðra. Við leggjum áherslu á samræður og samráð sem stuðla að sameiginlegri ábyrgð. Ef þess er óskað, grípum við tafarlaust til aðgerða. Stjórnendur styrkja starfsmenningu þar sem starfsfólk og nemendur geta haft frumkvæði og sinnt leiðtogahlutverki innan og utan kennslustofunnar. Við nýtum skoðanir nemenda vel sem og sameiginlega þekkingu, reynslu, og áhuga starfsfólks. Við höfum haft áhrif sem einstaklingar, jafnt innan hópa og í skólanum í heild.
- Við höfum skapað starfsumhverfi sem styður einstaklinga við að deila með sér ábyrgð svo velgengi og árangur nemenda sé tryggður. Samstarf byggir á trausti og einlægri umhyggju fyrir starfsfólki og samstarfsaðilum. Við hjálpum fólki að takast á við krefjandi viðfangsefni, deilum upplýsingum og tókumst á við erfiðleika. Við eflum anda samábyrgðar og gagnkvæms stuðnings um allt skólasamfélagið. Við mótum, endurskoðum og þróum stjórnunarhætti okkar, kennsluhætti og stuðning til að byggja upp jákvæð tengsl. Við hvetjum starfsfólk til afreka og tókum eftir og gleðjumst yfir árangri þess.
- Til að tryggja stöðuga þróun vinnum við saman og myndum samstarfsteymi. Það ríkir samstarfsandi í skólanum og við tókum virkan þátt í samstarfi við þá sem við eigum samskipti við. Við metum samstarfið reglulega með hliðsjón af markmiðum skólans.

Dæmi um einkunnina 2

- Fram kemur skortur á hæfileikum til forystu hjá sumum starfsmönnum. Forystuathafnir uppfylla ekki þarfir skólans til umbóta. Við styðjum sumar tillögur sem aðrir leggja til en hvetjum ekki starfsmenn til að koma með umbótatillögur. Forysta beinir ekki nægilega sjónum að námi og kennslu og þrátt fyrir að hér ríki jákvæður skólabragur einkennist hann ekki af ögrandi verkefnum eða framförum.
- Hér ríkir almennt styðjandi starfsumhverfi þar sem flestir finna til sameiginlegrar ábyrgðar við að bæta gæði náms og kennslu. Tengsl starfsmanna og vinnuandi eru misgóð innan skólans. Samstarf byggir ekki alltaf á trausti. Lítil áhersla er lögð á að skapa, endurskoða og bæta stjórnunarhætti, kennsluhætti og að styðja við góð tengsl. Við fögnum ekki árangri starfsmanna eða samstarfsaðila reglulega.
- Við höfum skipulagt árangursríkt samstarf við suma samstarfsaðila og dæmi eru um nokkur góð samstarfsverkefni, en heildarmyndin er ósamstæð. Við höfum ekki skipulagðan eða sýnilegan áhuga á samstarfi og ekki eru allir hlyntir eða taka virkan þátt í því. Á heildina litið er samstarf ekki vel skipulagt og við metum það ekki reglulega með hliðsjón af samþykktum markmiðum.